Nd. **348. Frumvarp til laga** [176. mál]

um breyting á lögum nr. 55 1969, um brunavarnir og brunamál.

Flm.: Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:

Allir verkfærir menn 18—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir einni breytingu frá gildandi lögum um brunavarnir og brunamál. Í stað orðsins „karlmenn“ í 8. gr. komi orðið „menn“.

Á jafnréttistímum verður ekki við það unað að óheimilt sé að lögum að skipa konur í slökkvilið.